

611. fundur

Miðvikudaginn 12. október 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Baldur Sigmundsson ANR
Kristín Sigfúsdóttir, ritaði fundargerð

1. Tekið var fyrir erindi frá Sölufélagi Garðyrkjumanna dags. 30. september 2016 um yfirvofandi skort á kínakáli. Jafnframt hafði staðan verið könnuð hjá öðrum dreifingaraðilum grænmetis. Ákveðið var að senda eftirfarandi tillögu til lögbundinna umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu að reglugerð sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magn­tollar
Tollskrárnúmer.:			kg	%	kr./kg
0704.9003	Kínakál	17.10-31.12.16	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á kínakáli. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.